

Norðurþing
Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. mars 2014
Tilvísun: UST20140200015/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030. Vegtenging frá hafnarsvæði að iðnaðarsvæði I-1 á Bakka.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 3. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030. Tillagan felur í sér breytingu á vegtengingu frá hafnarsvæði að iðnaðarsvæði I-1 á Bakka.


Í tillögunni felast eftirfarandi breytingar: Breyting á tengivegi sem tekur við af núverandi vegi við Bökugarð og liggur inn á iðnaðarsvæði á Bakka. Fallið verður frá vegtengingu á hafnarsvæði. Tenging við fyrirhugaðan Snásugarð felld niður. Hluti tengivegar frá höfn að iðnaðarsvæði verður settur í jarðgöng. Tengivegur frá höfn að Bakka og að Norðausturvegi 85 er felldur niður þar sem gert er ráð fyrir jarðgöngum en ekki vegi.


Náttúruminjar og útivist

Að mati Umhverfisstofnunar er tillaga að breyttu aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030 hvað varðar veg frá höfninni að athafnasvæði á Bakka til bóta hvað varðar útivist meðfram fjöru og út á Bakkahöfða sem er svæði á náttúruminjaskrá. Einnig mun sú breyting að setja veg að athafnasvæði á Bakka að hluta í göng mögulega auðvelda aðgengi almennings að ofangreindum útivistar- og náttúruminjasvæðum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreindar breytingar.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun